



Reykjavík, 11. desember 2013

Hafnarfjarðarbær
Bt. Bjarka Jóhannessonar, skiplags- og byggingafulltrúa
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Erindi: Umsögn um aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025

Í nóvember síðastliðnum sendi byggingafulltrúi Hafnarfjarðar erindi til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) þar sem óskað var eftir álit á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, en í nýrri skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er meðal annars tekið fram að gera þurfi grein fyrir hugsanlegum áhrifum landnotkunar á landnotkun aðliggjandi svæða svo sem vegna lyktar, hávaða, óþrifnaðar, mengunar eða hættu fyrir heilsu og öryggi almennings. Í framhaldinu fóru Bjarni Kjartansson, Guðrún Ólafsdóttir og Margrét María Leifsdóttir af Forvarnasviði SHS á fund með Bjarka Jóhannessyni, byggingafulltrúa Hafnarfjarðar, þann 29. nóvember þar sem aðalskipulagið og innihald þess var rætt.

Helstu atriði sem fram komu á fundinum og SHS vill koma á framfæri eru:


SHS fagnar því að aukið tillit sé tekið til öryggis almennings í nýrri reglugerð og að meiri áhersla verði lögð á að draga úr hættu sem getur steðjað að íbúum og fyrirtækjum á öllum stigum skipulags.


Huga má að því við gerð aðalskipulags að iðnaður með mengandi eða hættulega starfsemi sé ekki of nærri íbúabyggð og má hugsa sér að hverfi séu skilgreind fyrir mismunandi tegund iðnaðar. Þannig ættu fyrirtæki með mengandi eða hættulega starfsemi ekki að vera staðsett í iðnaðarhverfum næst íbúabyggð. Ef tekið er á þessum málum strax í aðalskipulagi má hugsa sér að hægt sé að vísa í þær skilgreiningar við vinnslu starfsleyfisumsókna fyrir slík fyrirtæki og koma þannig í veg fyrir að þau fíki sig of nærri íbúabyggð.

Gróðureldar eru orðnir tíðari en áður og þarf því jafnvel að huga að uppbyggingu útivistarsvæða við gerð aðalskipulags. Stór órofin gróðurbelti geta verið mjög erfið viðureignar ef kviknar eldur í þeim. Ekki er mikið hægt að gera til að draga úr hættunni á gróðureldum en hægt er að auðvelda aðgang fyrir slökkvilið. Þetta má meðal annars gera með því að hafa aðkomuleiðir greiðfærar og hugsanlega að göngustígar séu sumir hverjir undirbyggðir og því færir slökkvibílum.

Til þess að auka öryggi íbúa í hverfum er mjög mikilvægt að a.m.k tvær akstursleiðir séu út úr hverfum. Þetta tryggir að fólk eigi undankomuleið þótt önnur leiðin sé ófær af einhverjum orsökum. Fjöldi flóttaleiða út úr hverfum geta skipt sköpum ef rýma þarf hverfi við óvænta atburði. Einnig má hafa í huga að miklar hindranir á akstursleiðum, s.s þrengingar og hringtorg, geta lengt viðbragðstíma slökkviliðs og sjúkrabíla umtalsvert.

f.h Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	13.12.2013
Málsnr:	1006284
Bréfal:	511


Margrét María Leifsdóttir

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
Skógarhlíð 14 • 105 Reykjavík • Sími 528 3000 • Fax 528 3001
Netfang: shs@shs.is • Veffang: www.shs.is